



Afkoma fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2018

Íslandsbanki hf

Helstu atriði í afkomu Íslandsbanka á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 (9M2018)

- Hagnaður eftir skatta var 9,2 ma. kr. (9M17: 10,1 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár var 7,1% á ársgrundvelli (9M17: 7,7%).
- Hagnaður af reglulegri starfsemi var 9,0 ma. kr. (9M17: 10,2 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) var 9,0% á ársgrundvelli (9M17: 9,7%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 23,6 ma. kr. (9M17: 22,7 ma. kr.) sem er 4,3% hækkun á milli ára og var vaxtamunur 2,9% (9M17: 2,9%).
- Hreinar þóknunatekjur voru 8,7 ma. kr. (9M17: 10,1 ma. kr.) sem er 13,5% lækkun frá 9M17 sem má að mestu rekja til lækkunar á þóknunatekjum í tveimur dótturfélögum bankans.
- Virðisbreyting útlána skilaði 1,9 ma. kr. hagnaði á tímabilinu samanborið við 0,6 ma. kr. hagnað á 9M17.
- Stjórnunarkostnaður jókst um rúm 4,5% á milli ára og nam 20,2 ma. kr. (9M17: 19,3 ma. kr.). Hækkunin skýrist einkum af samningsbundnum launahækkunum auk kostnaðar vegna innleiðingar á nýju grunnkerfi bankans.
- Kostnaðarhlutfall samstæðu á tímabilinu var 65,6% samanborið við 60,3% á sama tímabili í fyrra, á meðan kostnaðarhlutfall móðurfélags og Íslandssjóða var 57,4% sem er lítillega yfir 55% langtímamarkmiði bankans.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 10,6% (80,4 ma. kr.) frá áramótum í samtals 836 ma. kr. í lok september. Ný útlán á fyrstu níu mánuðum ársins voru 175,6 ma. kr. og dreifðust vel á milli viðskiptaeininga bankans.
- Innlán frá viðskiptavinum hækkðu um 7,3% eða 41,6 ma. kr. frá áramótum og námu 609 ma. kr. í lok september.
- Lausafjárstaða bankans er sterk bæði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum og eiginfjárlutföll eru sterk og vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.

Helstu atriði í afkomu þriðja ársfjórðungs (3F18)

- Hagnaður eftir skatta var 2,1 ma. kr. sem er sambærilegur hagnaður og á sama tímabili árið 2017 og arðsemi eigin fjár var 4,9% á ársgrundvelli (3F17: 4,7%).
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 2,9 ma. kr. (3F17: 2,8 ma. kr.) og var arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) 8,1% á ársgrundvelli (3F17: 7,9%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 8,3 ma. kr. (3F17: 7,5 ma. kr.) og var vaxtamunur 3,0% (3F17: 2,8%).
- Hreinar þóknunatekjur voru 2,9 ma. kr. (3F17: 3,3 ma. kr.).

Lykiltölur

		9M18	9M17	3F18	3F17	2017
REKSTUR	Arðsemi eigin fjár 16% CET1 (af reglulegri starfsemi) ¹	9,0%	9,7%	8,1%	7,9%	10,3%
	Arðsemi eigin fjár (eftir skatta)	7,1%	7,7%	4,9%	4,7%	7,5%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	2,9%	2,9%	3,0%	2,8%	2,9%
	Kostnaðarhlutfall ²	65,6%	60,2%	62,1%	62,7%	62,5%
	Hagnaður eftir skatta, ISK m	9.241	10.114	2.111	2.073	13.226
	Hagnaður af reglulegri starfsemi, ISK m ³	8.979	10.178	2.928	2.812	13.848
		30.9.2018	30.6.2018	31.3.2018	31.12.2017	
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, ISK m	174.630	172.182	166.337	181.045	
	Eiginfjárlutfall A	19,9%	20,5%	20,3%	22,6%	
	Eiginfjárlutfall	21,7%	21,6%	21,4%	24,1%	
	Vogunarlutfall	14,0%	14,5%	14,3%	16,2%	
ERNAHAGUR	Eignir samtals, ISK m	1.162.639	1.111.742	1.088.308	1.035.822	
	Áhættugrunnur, ISK m	855.152	819.349	795.923	775.492	
	Útlán til viðskiptavina, ISK m	835.582	799.938	776.149	755.175	
	Innlán frá viðskiptavinum, ISK m	608.646	578.414	575.196	567.029	
	Innlán frá viðskiptavinum / útlán til viðskiptavina	72,8%	72,3%	74,1%	75,1%	

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Hagnaður Íslandsbanka á fyrstu níu mánuðum ársins var í takt við væntingar og nam 9,2 milljörðum íslenskra króna sem samsvarar 7,1% arðsemi eigin fjár auk þess sem arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var 9%. Ágætur gangur var í þóknunatekjum sem hækkuðu um 6,1% ef horft er til móðurfélags og Íslandssjóða auk þess sem kostnaðarhlutfall var ekki langt frá langtíma markmiði bankans um 55% kostnaðarhlutfall. Aftur á móti leiddu minni umsvif hjá tveimur af dótturfélögum bankans til 13,5% tekjusatdráttar hjá samstæðu á milli ára auk kostnaðarhlutfalls upp á 65,6% á samstæðugrunni.

Áframhaldandi kraftur var í útlánum á þriðja ársfjórðungi sem hafa aukist um 10,6% á fyrstu níu mánuðum ársins eða um rúma 80 milljarða króna og kemur traust lánasafn bankans áfram mjög vel út í alþjóðlegum samanburði. Lausafjárstaða bankans er sterk í bæði íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum og hefur fjármögnun bankans verið farsæl frá áramótum og gaf bankinn meðal annars út sitt annað víkjandi skuldabréf í lok sumars. Ennfremur þá lækkaði Fjármálaeftirlitið í september heildarkröfu um eiginfjárgrunn úr 19,8% í 18,8% fyrir Íslandsbanka sem er til marks um að heldur hafi dregið úr áhættu bankans.

Mikil umsvif hafa verið á gjaldeyrismarkaði í haust og hefur velta verið hæst hjá gjaldeyrismiðlun bankans síðustu mánuði. Íslandssjóðir náðu sinni hæstu markaðshlutdeild á íslenskum sjóðamarkaði og var fasteignafélagið FAST-1 sem var í stýringu Íslandssjóða selt með góðri ávöxtun fyrir fjárfesta.

Í haust tók Íslandsbanki í notkun nýtt grunnkerfi fyrir innlán og greiðslumiðlun ásamt því að fjárfesta í nýrri tækni sem mun gera hann betur í stakk búinn við að takast á við breyttan bankaheim. Sem dæmi um stafrænar nýjungar bankans má nefna að Íslandsbanki var nýlega fyrstur íslenskra banka til að opna fyrir öruggt auðkennanlegt netspjall á vef sínum en þessi þjónustuleið hefur notið mikilla vinsælda víða um heim og í næstu viku mun bankinn byrja að bjóða upp á snertilausar greiðslur með farsíma.

Við erum sannfærð um að fjárfestingar bankans í öflugum tæknigrunni og stafrænum lausnum ásamt persónulegri þjónustu muni viðhalda framtíðarsýn bankans um að vera leiðandi í fjármálaþjónustu á Íslandi.

1. Hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af CET1 16% eigin fé, leiðréttur fyrir áhættulausum vöxtum á umfram eigin fé. Frá janúar 2018, hefur skilgreining á reglulegri starfsemi verið breytt og núna er undanskilin hagnaður frá aflagðri starfsemi. Bankinn hefur nýlega sett sér nýtt langtíma eiginfjárla markmið upp á 16% (CET1 16%). Þetta hefur áhrif á arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi sem áður var reiknað út frá 15% langtíma markmiði (CET1 15%).
2. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingasjóð innistæðueigenda og fjárfesta – einskiptisliðir) / (Heildarrekstrartekjur – einskiptisliðir).
3. Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður að undanskildum einskiptiskostnaði, til dæmis bankaskatti, auk annarra óreglulegar tekna og kostnaðar.

Helstu atriði úr rekstri þriðja ársfjórðungs (3F18)

- Í september tók Íslandsbanki í notkun nýtt grunnkerfi fyrir innlán og greiðslumiðlun og var um að ræða eitt stærsta hugbúnaðarverkefni sem ráðist hefur verið í hér á landi og mun gera bankann betur í stakk búinn til að takast á við breyttan bankaheim.
- Íslandsbanki kynnti nýja stafræna lausn sem verður tekin í notkun í nóvember þar sem hægt verður að greiða fyrir verslun og þjónustu í öllum posum með símanum. Með þessu verður stigið stórt skref í því að einfalda greiðslumáta korthafa.
- Nýlega opnaði bankinn fyrir öruggt auðkennanlegt netspjall á vef sínum. Hingað til hefur þessi þjónusta ekki verið til staðar í íslenskri fjármálaþjónustu en þessi þjónustuleið hefur notið mikilla vinsælda víða um heim.
- Möguleikinn á að breyta yfirdrætti í appi bankans hefur fengið frábærar viðtökur viðskiptavina. Meira en helmingur af afgreiddum umsóknum um yfirdrátt koma í gegnum appið og hafa um 11.000 heimildir verið veittar sjálfvirk.
- Sértryggðir skuldabréfasjóðir Íslandssjóða hafa náð 10 milljarða íslenskra króna að stærð og eru þeir langstærstu á markaðnum.
- Mikil umsvif hafa verið á gjaldeyrismarkaði í haust og hefur velta verið hæst hjá gjaldeyrismiðlun bankans síðustu mánuði.
- Bankinn gaf út nokkrar skýrslur í haust, m.a. um efnahag og fjárhag lítilla og meðalstórra fyrirtækja, íbúðamarkaðinn auk nýrrar þjóðhagsspá. Þar að auki hélt bankinn fjölmarga fundi með viðskiptavinum um m.a. fjármál við starfslok og fjármögnunarkosti í tengslum við íbúðalán.
- Yfir 155 milljónir söfnuðust í hlaupastyrk til góðra málefna í Reykjavíkummaraponi Íslandsbanka sem fór fram 18. ágúst. Þetta er töluverð aukning frá fyrra ári þegar söfnuðust 118 milljónir. Þátttakendur í hlaupinu voru um 14.000 og aldrei hafa fleiri tekið þátt í 10km og 3km hlaupi.

REKSTRARREIKNINGUR

m.kr.	9M18	9M17	Δ	3F18	3F17	Δ
Hreinar vaxtatekjur	23,643	22,661	982	8,301	7,450	851
Hreinar þóknatekjur	8,749	10,118	(1,369)	2,939	3,305	(366)
Hreinar fjármunatekjur	(325)	(975)	650	(420)	(1,084)	664
Hreinn gengismunur	(75)	446	(521)	(8)	76	(84)
Aðrar rekstrartekjur	1,664	506	1,158	64	291	(227)
Rekstrartekjur samtals	33,656	32,756	900	10,876	10,038	838
Laun og launatengd gjöld	(11,453)	(10,936)	(517)	(3,501)	(3,168)	(333)
Annar rekstrarkostnaður	(8,732)	(8,377)	(355)	(2,962)	(2,879)	(83)
Stjórnunarkostnaður	(20,185)	(19,313)	(872)	(6,463)	(6,047)	(416)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(874)	(795)	(79)	(295)	(280)	(15)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(2,541)	(2,278)	(263)	(944)	(806)	(138)
Rekstrargjöld samtals	(23,600)	(22,386)	(1,214)	(7,702)	(7,133)	(569)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna	10,056	10,370	(314)	3,174	2,905	269
Hrein virðisbreyting fjáreigna	1,881	587	1,294	(53)	147	(200)
Hagnaður fyrir skatta	11,937	10,957	980	3,121	3,052	69
Tekjuskattur	(3,616)	(3,335)	(281)	(1,136)	(1,072)	(64)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	8,321	7,622	699	1,985	1,980	5
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	920	2,492	(1,572)	126	93	33
Hagnaður tímabilsins	9,241	10,114	(873)	2,111	2,073	38

Heildartekjur hækka lítillega miðað við sama tímabil í fyrra

Heildartekjur á fyrstu níu mánuðum ársins námu 33,7 ma. kr. sem er hækkun um 2,7% á milli ára.

Hreinar vaxtatekjur voru 23,6 ma. kr. sem er hækkun um 4,3% á milli ára. Vaxtamunur var 2,9% sem er sambærilegt við fyrra tímabil. Þess er vænst að vaxtamunur haldist rétt undir 3,0% til skamms og meðallangs tíma.

Hreinar þóknatekjur voru 8,7 ma. kr. í samanburði við 10,1 ma. kr. fyrir sama tímabili í fyrra. Hreinar þóknatekjur lækkuðu um 13,5% á milli ára sem má að mestu rekja til lægri þóknatekna hjá tveimur dótturfélögum bankans.

Tekjur af grunnstarfsemi (hreinar vaxta- og þóknatekjur) mynda um 96% af heildarrekstrartekjum á fyrstu níu mánuðum ársins. Bankinn leggur áfram ríka áherslu á að viðhalda sterkum grunntekjum og stöðugu tekjustreymi til lengri tíma.

Tap á hreinum fjármunatekjum var 325 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við tap upp á 975 m.kr. á 9M17 og má að mestu rekja til gangvirðisbreytinga. 75 m.kr. tap var af gjald-eysisviðskiptum á 9M18 samanborið við hagnað upp á 446 m.kr. á 9M17.

Aðrar rekstrartekjur námu 1,7 ma. kr. á 9M18 samanborið við 506 m.kr. á 9M17 og eru tilkomnar vegna sölu dótturfélags sem átti lóðir.

Kostnaður hærri en á sama tímabili í fyrra vegna samningsbundinna launahækkana og kostnaðar við innleiðingu á nýju grunnkerfi

Stjórnunarkostnaður jókst um 0,9 ma. kr. frá 9M17 sem samsvarar 4,5% hækkun en að teknu tilliti til verðbólgu var hækkunin 1,8%. Hækkunin skýrist einkum af samningsbundnum launahækkunum og kostnaði við innleiðingu á nýju grunnkerfi.

Á fyrstu níu mánuðum ársins var meðalfjöldi starfsmanna í fullu starfi í móðurfélagi 885 (9M17: 930) og 1.076 (9M17: 1.112) í samstæðu. Fjöldi starfsmanna í móðurfélagi fyrir utan árstíðabundna starfsmenn var 835 (9M17: 881) og 1.075 hjá samstæðunni (9M17: 1.066) fyrir samsvarandi tímabil.

Kostnaðarhlutfall í lok september var 65,6% samanborið við 60,3% á sama tíma 2017, sem er yfir 55% langtímamarkmiði bankans. Bankaskattur og einskiptiskostnaður eru undanskilin við útreikning kostnaðarhlutfalls. Kostnaðarhlutfall móðurfélags var 57,4% á tímabilinu og var 57,8% fyrir móðurfélag og Íslandssjóði.

Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta var 0,9 ma. kr. á 9M18 samanborið við 2,5 ma. kr. á 9M17. Hagnaðinn má rekja til sölu eigna og tekna af fullnustueignum. Hagnað upp á 2,4 ma. kr. í fyrra má að mestu rekja til sölu eigna af hendi dótturfélaga bankans á 2F17.

Jákvæð virðisbreyting útlána

Hrein virðisbreyting útlána skilaði 1,9 ma. kr. hagnaði á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 0,6 ma. kr. hagnað á 9M17 sem skýrist að mestu vegna afléttingar á skuldbindingu bankans vegna erlendra myntlana. Aðrar breytingar á hreinni virðisrýrnun eru hluti af reglulegri starfsemi bankans, þ.m.t. hrein endurmæling á tekjutapi.

Skattar og gjöld hafa áfram mikil áhrif á hagnað og arðgreiðslugetu

Tekjuskattur fyrstu níu mánuð ársins var 3,6 ma. kr. samanborið við 3,3 ma. kr. á 9M17. Virkur tekjuskattur var 30,3%, samanborið við 30,4% á 9M17 þegar óskattlagðar tekjur voru lægri. Bankaskatturinn var 2,5 ma. kr. á 9M18 samanborið við 2,3 ma. kr. á 9M17. Bankaskatturinn jókst verulega árið 2013 og var þá kynntur sem tímabundin ráðstöfun en samkvæmt langtímaáætlunum ríkisins er áformað að lækka skattinn smám saman úr 0,376% í 0,145% á tímabilinu 2018-23. Bankinn greiðir sérstakan 6% fjársýsluskatt á hagnað umfram 1 ma. kr. ásamt því að greiða framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, til Fjármálaeftirlitsins og til umboðsmanns skuldara. Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta fyrstu níu mánuði ársins nam 0,9 ma. kr., lítilega hærra en á fyrra ári. Heildarskattar og gjöld voru 7,6 ma. kr. á 9M18 samanborið við 7,0 ma. kr. á 9M17.

Vöntun á alþjóðlegum mælikvarða varðandi vanskilalán með tilkomu IFRS 9

Í kjölfar innleiðingar á alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IFRS 9, er vöntun á samanburðarhæfum mælikvarða fyrir vanskilalán á milli banka. Það er þ.a.l. krefjandi að bera saman lána-bók bankans við aðrar lánastofnanir og greina sögulega þróun. Evrópska bankastofnunin (the European Banking Authority) hefur skilgreint vanskilalán sem hlutfall lána á stigi 3 (stage 3) af vergu bókfærðu virði heildarlánabókar. Í lok september 2018 stóð þetta hlutfall hjá Íslandsbanka í 2,0% miðað við 3,6% vegið meðaltal hjá evrópskum bönkum (miðað við lok júní 2018). Ef eingöngu er miðað við gæði lánasafns fyrir útlán til viðskiptavina var vanskilahlutfall 1,7% í lok september, miðað við hreint bókfært virði.

Hagnaður tímabilsins í takt við væntingar bankans

Hagnaður eftir skatta var 9,2 ma. kr. (9M17: 10,1 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár á fyrstu níu mánuðum ársins var 7,1% á ársgrundvelli (9M17: 7,7%) og var það í takt við væntingar bankans. Hagnaður af reglulegri starfsemi var 9,0 ma. kr. (9M17: 10,2 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárhlutfall þáttar 1 (CET1) 9,0% á fyrstu níu mánuðunum á ársgrundvelli samanborið við 9,7% á 9M17. Hagnaður af reglulegri starfsemi dróst saman um 1,2 ma. kr. einkum vegna lægri þóknunatekna frá tveimur af dótturfélögum bankans.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir – áframhaldandi stöðugur vöxtur útlána til viðskiptavina og stærri efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur bankans stækkaði um 12,2% og nam 1.163 ma. kr. í lok september 2018. Útlán til viðskiptavina jukust um 10,6% eða 80,4 ma. kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Útlána-aukningin var þvert á lánaeiningar bankans en mest til stærri fyrirtækja. Húsnæðislán jukust um 17,3 ma. kr. frá árslokum 2017. Ný útlán voru 175,6 ma. kr. á tímabilinu samanborið við 152,0 ma. kr. á sama tíma í fyrra sem er 15,5% hækkun. Útlán til ferðaþjónustu hafa haldist óbreytt sem hlutfall af vel dreifðu heildarlánasafninu frá árslokum 2017 eða um 13%.

Útlán eru almennt með traust veð og eru fasteignir ennþá mikilvægasta tegund trygginga bankans auk skipa. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) húsnæðislánasafns bankans var 61,4% í lok september 2018 samanborið við 60,8% í lok júní 2018. Veðsetningarhlutfall bankans var 16,7% í lok september 2018 samanborið við 16,5% í lok júní 2018.

Lausafjárhlutföll í bæði íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum héldust mjög sterk m.a. vegna minnkandi samþjöppunar í innlánnum. Þrír liðir, handbært fé og innstæður hjá Sí, skulda-bréf og skuldagerningar og útlán til lánastofnana nema samtals u.þ.b. 287 ma. kr., og af því eru 254 ma. kr. laust fé.

EIGNIR, m.kr.	30.9.2018	30.6.2018	31.3.2018
Handbært fé og innstæður hjá Sí	156.251	166.194	177.029
Skuldabréf og skuldagerningar	63.324	48.603	49.140
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	13.995	13.581	10.208
Afleiðusamningar	3.479	3.209	4.673
Útlán til lánastofnana	67.047	59.858	47.220
Útlán til viðskiptavina	835.582	799.938	776.149
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	533	614	672
Rekstrarfjármunir	5.079	5.058	7.025
Óefnislegar eignir	4.910	4.774	4.412
Aðrar eignir	11.205	8.512	10.732
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	1.234	1.401	1.048
Eignir	1.162.639	1.111.742	1.088.308

Skuldir – fjölbreytt fjármögnunarstefna

Heildarskuldir voru 988 ma. kr. sem er 15,6% hækkun frá áramótum. Bankinn viðhélt sterkri lausafjárstöðu og voru lausafjárlutföll vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið. Í lok september var lausafjárlutfall (LCR) bankans 164% fyrir samstæðuna. Hlutfall stöðugar fjármögnunar (NSFR) í erlendum gjaldmiðlum var 159% fyrir móðurfélagið og 117% fyrir samstæðuna.

Innlán frá viðskiptavinum jukust um 7,3% á fyrstu níu mánuðum ársins í 609 ma. kr. Innlán eru stærsti fjármögnunarliður bankans og er vel fylgst með samþjöppunaráhættu. Þessi hækkun er aðallega vegna innflæðis frá lífeyrissjóðum, frá meðalstórum fyrirtækjum og einstaklingum. Hlutfall innlána viðskiptavina gagnvart útlánum til viðskiptavina hækkaði í 72,8% í lok september, samanborið við 72,3% í lok júní 2018.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, m.kr.	30.9.2018	30.6.2018	31.3.2018
Innlán SÍ og lánastofnana	15.530	15.391	13.563
Innlán viðskiptavina	608.646	578.414	575.196
Afleiðusamningar og skortstöður	5.585	7.075	8.104
Lántaka	297.318	288.360	269.255
Víkjandi lán	15.531	8.872	8.838
Skattskuldir	10.311	8.925	7.908
Aðrar skuldir	35.014	32.447	39.028
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	74	76	79
Skuldir	988.009	939.560	921.971
Eigið fé	174.630	172.182	166.337
Skuldir og eigið fé	1.162.639	1.111.742	1.088.308

Skuldabréfaútgáfa bankans var áfram farsæl á fyrstu níu mánuðum ársins með útgáfu á innlendum víxlum og sértryggðum skuldabréfum og erlendum skuldabréfaútgáfum undir Global Medium Term Notes (GMTN) útgáfuramma bankans. Útgáfunum er ætlað að draga úr áhættu með því að auka fjölbreytni fjármögnunar. Útgáfa sértryggðra skuldabréfa nam 21,1 ma. kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem var í takt við útgáfuáætlun bankans og er hann áfram stærsti útgefandinn á sértryggðum skuldabréfum á Íslandi.

Í ágúst 2018 gaf Íslandsbanki út víkjandi skuldabréf, að fjárhæð 500 milljónir sænskra króna til 10 ára með innköllunarheimild af hálfu útgefanda eftir 5 ár (10NC5). Skuldabréfið, sem er víkjandi og telur til eiginfjárpáttar 2 (e. Tier 2), ber fljótandi vexti 250 punkta ofan á þriggja mánaða millibankavexti í sænskum krónum. Þetta er önnur víkjandi skuldabréfaútgáfa Íslandsbanka en í nóvember 2017 gaf bankinn út víkjandi skuldabréf að fjárhæð 750 milljónir sænskra króna sem var fyrsta víkjandi skuldabréfaútgáfa sem íslensk fjármálastofnun selur á erlendum markaði frá árinu 2008.

Eigið fé


Heildar eigið fé bankans nam 175 ma. kr. í lok september 2018 samanborið við 181 ma. kr. í árslok 2017 en stjórn bankans samþykkti á aðalfundi í mars 2018 að greiða 13 milljarða króna

af hagnaði ársins 2017 í arð til hluthafa. Þar af er hlutdeild minnihluta 2,5 ma. kr. Nafnvirði hlutabréfa bankans var 10 ma. kr. í lok september 2018 og hlutafé var 65 ma. kr.


Eiginfjárlutfall bankans var 21,7% í lok september 2018 samanborið við 21,6% í lok júní 2018 sem er umfram markmið bankans um 19,3-20,8%. Eiginfjárlutfall þáttar 1 (Tier 1) var 19,9% í lok september samanborið við 20,5% í lok júní 2018. Ennfremur þá lækkaði Fjármálaeftirlitið í september heildarkröfu um eiginfjárgrunn úr 19,8% í 18,8% fyrir Íslandsbanka sem er til marks um að heldur hafi dregið úr áhættu bankans.

Fyrir ári síðan kynnti bankinn í fyrsta sinn til sögunnar nýtt langtíma eiginfjármarkmið. Þetta markmið byggir á innra matsferli fyrir eiginfjárbörf (ICAAP) og könnunar- og matsferli (SREP). Það gerir ráð fyrir að bankinn viðhaldi eigin fé sem nemur SREP kröfunni að viðbættum stjórnendaauka. Þetta er gert til að tryggja það að skammtímaflökt valdi því ekki að hlutfallið fari niður fyrir kröfur regluverksins. Eiginfjármarkmiðið styður við stefnu bankans og gerir ráð fyrir breytingum eða óvissu í rekstrarumhverfinu. Það getur breyst með tímanum og endurspeglar breytingar í áhættustýringu, stefnu bankans og ytra umhverfi. Í ljósi breytinga á eiginfjárröfu og efnahagsumhverfi þá hefur bankinn ákveðið að aðlaga stjórnunaraukann úr 0,5-1,5% í 0,5-2,0%. Nýlega tilkynnti Fjármálaeftirlitið að sveiflujöfnunarauki yrði hækkaður um 0,5 prósentustig, í 1,75% og myndi sú hækkan taka gildi í maí 2019.


Áhættuvegnar eignir á móti heildareignum
(ma. kr.)



Vogunarlutfall



Eiginfjárlutfall



Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættuvegnar eignir sem námu 855,2 ma. kr. í lok september 2018, eða 73,6% af heildar eignum, sem er aukning um 4,4% frá júní 2018. Vogunarlutfall í lok september var 14,0%, samanborið við 14,5% í lok júní 2018 sem telst hóflegt. Risk adjusted capital (RAC) hlutfall bankans sem reiknað er af S&P Global Ratings var 19,4% í lok júní 2018.

Lánshæfismat

Íslandsbanki er eini íslenski bankinn með lánshæfismat frá tveimur alþjóðlegum lánshæfismatsfyrirtækjum, Fitch Ratings og S&P Global Ratings.

Í janúar 2017 hækkaði Fitch Ratings lánshæfismat Íslandsbanka í BBB/F3 með stöðugum horfum og staðfesti matið í desember sama ár.

Í júní 2018 staðfesti S&P lánshæfismat íslenska ríkisins í A, vegna afnáms gjaldeyrishafta og lækkandi skuldastöðu.

Í október 2017 hækkaði S&P lánshæfismat Íslandsbanka í BBB+/A-2 með stöðugum horfum og staðfesti matið í júlí 2018.

FJÁRFESTATENGSL

Símafundur með fjárfestum á ensku kl. 9.30

Símafundur með markaðsaðilum vegna uppgjörs verður haldinn 8. nóvember kl. 9.30. Farið verður yfir helstu atriði í íslenskum efnahagsmálum og afkomu bankans. Fundurinn verður á ensku.

Vinsamlegast skráið ykkur á símafundinn með að senda póst á: ir@islandsbanki.is. Fundargögn og aðgangsorð vegna símafundar verða send út til skráðra aðila fyrir fundinn.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birtingu árs- og árshlutauppgjörs á neðangreindum dagsetningum:

- Ársskýrsla og ársreikningur 2018
14. febrúar 2019

- Aðalfundur
21. mars 2019

Athugið að dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar

Frekari upplýsingar

Öll gögn tengd uppgjöri ásamt upplýsingum um fjárhagsdagatal og þöguð tímabil má finna hér: <https://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/>